

Mál nr. 103/2021**M og****V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifhjólans X.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna slyss á bifhjóli 10. júní 2020.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2021, ásamt tjonstilkynningu, skjáskoti af facebooksíðu A og viðburðarsíðu sama aðila, skráningarsíða keppni á heimasíðu Mótörhjóra- og snjósleðasambands Íslands og leyfi til aksturskeppni dags. 8. júní 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast á svokölluðu Bolöldusvæði þegar bifhjólið X, sem hann ók, fór á hliðina hinn 10. júní 2020. Í málskoti kemur einnig fram að slysið hafi orðið á viðburði A svokölluðu „Miðvikudags Motocrossi“. Í gögnum málsins má sjá skjáskot af facebookviðburði 10. júní þar sem segir m.a. að um sé að ræða „Annað bikarmót ársins af þremur.“, ásamt textanum „ATH! Hjól þurfa að vera tryggð.“ Einnig liggur fyrir skjáskot af facebooksíðu vélhjólaiþróttaklúbbsins þar sem keppnishaldi ársins 2020 er lýst og miðvikudagurinn s10. júní tilgreindur sem einn af keppnisdögum. Sambærilegar upplýsingar þar sem orðið keppni kemur fyrir er á heimasíðu Mótörhjóra og snjósleðasambands Íslands sem og liggur fyrir afrit af leyfi lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir aksturskeppni á vegum A vegna mótorkrosskeppni sem fyrirhugað er að halda miðvikudaginn 10. júní 2020. Umrætt leyfi er dags. 8. júní 2020.

M telur bótaskyldu fyrir hendi vegna líkamstjóns hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólans X og vísar því á bug að hann hafi slasast í keppni. M telur að um æfingu og skemmtun hafi verið að ræða þar sem „...þátttakendum gafst kostur á að æfa sig í hópastarti og prófa tímatökur.“ M vísar um það til tölvupósts dags. 1. desember 2020 frá A þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram: „Varðandi Miðvikudags motocrossið þá er ekki um eiginlega keppni að ræða, engin verðlaun veitt fyrir árangur, heldur er þetta sett upp sem æfing eða skemmtun.“ M telur að líkamstjón hans falli ekki undir ákvæði b-liðar 2. mgr. 2. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, en þar kemur fram að lögin gildi ekki í þeim tilvikum „...þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.“ Einnig telur M að atvikið falli ekki undir gr. 1.3. í vátryggingarskilmálum slysatryggingar ökumanns og eiganda V þar sem kemur fram að vátryggingin gildi ekki þegar bifhjól tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum. M telur að ekki hafi verið um formlega aksturskeppni að ræða, umrætt ákvæði í skilmálum og lögum sé undanþáguákvæði og verði því að skýra allan vafa M í hag, sbr. sjónarmið um svokallaða andskýringarreglu sem staðfest hafi verið í dómaframkvæmd. Einnig bendir M á að misskilnings hafi gætt um þátttöku hans í keppni þegar hann kom á bráðamóttöku.

V vísar til framlagðra gagna málsins, þ.e. upplýsinga á facebooksíðum, heimasíðum og leyfis Vélhjólaiþróttaklúbbsins Víkur til aksturskeppni umræddan dag. V vísar til gildissviðs 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 þar sem komi fram með skýrum og ótvíræðum hætti að lögin gildi ekki þegar ökutæki taki þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum. V bendir á lögskýringargögn þar sem komi fram að tilgangur ákvæðisins sé skýr j að undanskilja keppnisáhættu. Einnig vísar V til þess að M hafi sjálfur lýst því þannig þegar hann fór á bráðamóttöku vegna meiðsla hinn 10. júní 2020 að hann hafi verið að keppa.

Álit.

Í gögnum málsins, sem rakin eru hér að ofan, kemur fram að Vélhjólaiþróttaklúbburinn Vík auglýsti keppni í „Miðvikudags motocrossi“ á facebooksíðu sinni og sérstakri viðburðarsíðu. Upplýsingar þar um að viðburður sem átti sér stað 10. júní 2020 á svæði félagsins við Bolöldu hafi verið keppni og hluti af heildarkeppnishaldi koma líka fram þar. Skráning í keppni var síðan framkvæmd í gegnum sérstaka heimasíðu. Auk þessa liggur fyrir skriflegt leyfi lögreglustjórans á Suðurlandi um að heimilt sé að halda slíka keppni 10. júní 2020. Verður, þrátt fyrir ummæli í tölvupósti vélhjólaiþróttaklúbbsins dags. 1. desember 2020, ekki hjá því litið að um hafi verið að ræða aksturskeppni á lokuðu svæði sem þurft hafi leyfi lögreglustjóra skv. umferðarlögum. M slasaðist við akstur bifhjóls í slíkri keppni og fellur tjónsatvikið því ótvírætt undir b. lið 2. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 þar sem kemur fram að lögin gildi ekki um það „þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.“ Getur M því ekki byggt bótarétt sinn á 9. gr. laganna eða vátryggingarskilmálum um slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V og á því ekki rétt á bótum úr þeirri vátryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.